






Edda Björk Þórðardóttir sálfræðingur flutti erindi um algengi áfalla og áfallastreituröskunar meðal íslenskra kvenna.



Hjördis B. Tryggvadóttir sálfræðingur lýsti hvernig unnið er með áföll og þungbæra lífsreynslu í vímuefnaþæði á dagdeild Teigs.



Magnús Haraldsson geðlæknir gerði grein fyrir niðurstöðum rannsókna á árangri IPS (Individual Placement and Support) starfsendurhæfingar fyrir einstaklinga með alvarlegar geðraskanir.



Oddur Ingimarsson kynnti rannsókn á þróun algengis og nýgengis ADHD hér á landi frá 2010-2025.

Geðdagurinn 2025

Halldóra Jónsdóttir

Geðdagurinn er árleg ráðstefna geðþjónustu Landspítala og var haldin í fjórða sinn þann 9. maí. Ráðstefnan er öllum opin en flestir þátttakendur voru starfsfólk geðþjónustu Landspítala og annað fagfólk sem starfar að geðheilbrigðismálum.

Erindin fjölluðu um nýsköpun, umbótaverkefni, rannsóknir, meðferðir og framtíðarstefnu í geðheilbrigðisþjónustu. Yfirskrift dagsins í ár var „Frá orðum til athafna. Þróun – nýsköpun – vísindi.“

Dagskráin var fjölbreytt og fjall-

að var meðal annars um áföll, svefn, fíknivanda, athyglisbrest og ofvirkni (ADHD), og starfsánægju og stuðning við starfsfólk vegna álags í starfi. Áhugi á deginum eykst ár frá ári, sem endurspeglast í því að innsend ágrip voru fleiri en áður. Gestum á ráðstefnuna fjölga einnig ár frá ári. Í ár voru 250 þátttakendur, sem er nokkur aukning frá fyrri árum. Það var almenn ánægja með erindi dagsins og áhuga-verðar umræður í lok erinda. Ágrip frá Geðdeginum er að finna í fylgiriti Læknablaðsins.

Slagteymi Landspítala hlýtur hvatningarstyrk

Ólöf Jóna Elíasdóttir



Á myndinni eru frá vinstri talið Anna Bryndís Einarsdóttir yfirlæknir taugadeildar, Brynhildur Thors taugalæknir, Ragnheiður Sjöfn Reynisdóttir deildarstjóri taugalæknigadeildar Landspítala, Ólafur Árni Sveinsson prófessor í taugalækningum, Björn Logi Þórarinnsson taugalæknir og Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala. Mynd/Porkell Þorkelsson

Nú í maí hlaut slagteymi Landspítalans níu miljóna króna hvatningarstyrk úr Vísindasjóði Gísla Einarssonar, fyrrverandi yfirlæknis og framkvæmdastjóra kennslu, vísinda og þróunar á Landspítala, og Sigurlaugar Sveinbjarnardóttur taugalæknis. Vísindasjóðurinn var stofnaður með fjármunum sem komu til vegna rannsóknarvinnu Gísla og Sigurlaugar á sjúklingum með heilaslag á árunum 1995-2000. Það verkefni var í samvinnu við Decode Genetics. Miklar framfarir hafa orðið á síðastliðnum árum á Íslandi í meðferð sjúklinga með heilaslag. Bæði með innleiðingu segabrottnáms og einnig bættum verkferlum varðandi segaleysandi meðferð. Við óskum slagteyminu innilega til hamingju með styrkinn.